

Landform ehf
Svanhildur Gunnlaugsdóttir
Austurvegi 6
800 Selfoss

2005030035
8509; 9310

Reykjavík, 12. maí 2005

Efni: Ruðningur á náttúrulegum birkiskógi vegna frístundabyggðar í Hrífunesi, Skaftárhreppi. Ákvörðun um matskyldu.

Vísað er til erindis Landforms f.h. landeiganda dags. 30. mars 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um ruðning á náttúrulegum birkiskógi vegna fyrirhugaðra frístundahúsa í landi Hrífunes í Skaftárhreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skaftárhrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Skaftárhreppi með bréfi dags. 27. apríl 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 19. apríl 2005, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 14. apríl 2005, Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 12. apríl og tölvupósti 12. maí 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 2. maí 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA
Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áætlað sé að byggja allt að 77 ný frístundahús í landi Hrífunes. Hvert hús megi að hámarki vera 180 m² skv. deiliskipulagi en gert sé ráð fyrir að meðalstærð húsa á svæðinu verði í kringum 90 m² auk 30 m² verandar. Það megi því gera ráð fyrir að ef verði byggt á öllum lóðunum að heildarflatarmál vegna byggingu húsa verði í kringum 9500 m². Þar sem ekki sé kjarr alls staðar og líklegt að staðsetning húsa innan byggingarreits sé valin út frá því hversu litlu af skóginum þurfi að ryðja megi því gera ráð fyrir að heildarruðningur á skógi verði minni en heildarflatarmál frístundahúsa og veranda. Markmiðið með deiliskipulagi svæðisins hafi verið að skapa frístundahúsabyggð sem félli vel að landslagi og raskaði sem minnst þeirri náttúrulegu landslagsheild sem fyrir er. Áhersla hafi verið lögð á að byggingar og vegir væru í sem mestum samhljóm með umhverfi, hús í jarðlitum sem færu vel í landi og að hluta falin inni í kjarrinu.

Fram kemur að í undirbúningsvinnu að deiliskipulaginu hafi verið skilgreind svæði sem

vegna sérstöðu sinnar séu ekki skipulögð fyrir frístundahús. Mýrarflákar og þéttasti birkiskógurinn í Kötlugili séu tekin frá sem opin svæði fyrir almenning og eigi að nýstast fuglum og fólki. Kötlugil sé sérstaklega vel gróið og sé sérstakt hvað varði landslag og gróðurfar. Frístundahús verði ekki byggð neðst í gilinu heldur verði það ósnortið að öðru leyti en því að gert sé ráð fyrir göngustíg upp gilið. Einnig sé gert ráð fyrir göngustíg þvert yfir Hrafnhólsmýrina í skipulaginu en óvíst sé hvort sú stígalagning verði að veruleika.

Áætlað sé að leggja tvo aðkomuvegi í tengslum við uppbyggingu frístundahúsanna. Vegirnir muni ná heim að lóðarmörkum hvers húss og megi þar koma fyrir bílastæðum fyrir allt að þrjú bíla. Áætlað flatarmál sem muni fara undir vegi og bílastæði sé um 3 ha. Vegstæði hafi verið valið sérstaklega með það í huga að það fari um land sem sé minna gróið til að takmarka landsvæði sem ryðja þurfi vegna framkvæmda. Frá lóðarmörkum verði heimilt að leggja göngustíg heim að hverju húsi fyrir sig. Áætlað flatarmál sem fari undir stíga heim að öllum húsunum sé um 3000 m². Þar fyrir utan sé áætlað að leggja stíga um svæðið sem tengja muni hverfin og leiksvæðin, alls um 4000 m².

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Skaftárhreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Skógrækt ríkisins og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á birkiskóg. Í umsögn Umhverfisstofnunar er talið afar mikilvægt að fylgt verði eftir ákvæðum í byggingarskilmálum í deiliskipulagi fyrir svæðið um að ekki verði heimilt að ryðja núverandi birkiskóg nema þar sem vegur og stígar komi, sem nemi grunnfleti húss og verandar, óheimilt verði að gróðursetja aspir, barrtré eða annan framandi gróður sem breyta muni heildarblæ landsins. Samkvæmt skilmálum deiliskipulagsins verður heimilt að gróðursetja birki til uppgræðslu en Umhverfisstofnun telur að aðeins ætti að nýta birki af svæðinu. Þar sem settar séu takmarkanir á ruðning birkiskógar og gróðursetningu trjátegunda, telur Umhverfisstofnun að ruðningur á birkiskógi vegna fyrirhugaðrar frístundabyggðar í landi Hrífuness muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin ítrekar nauðsyn þess að endanleg staðsetning húsa innan byggingarreita sem og annarra mannvirkja verði valin þannig að rask á birkiskógi verði eins lítið og nokkur kostur sé og að fyrrgreindum ákvæðum byggingarskilmála verði framfylgt.

Í umsögn Skógræktar ríkisins er talið rétt að haft verði samráð við Skógrækt ríkisins um hvernig verði staðið að fellingu skógar vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Hrífunesi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu á allt að 77 frístundahúsum á um 9500 m² í landi Hrífuness í Skaftárhreppi ásamt tilheyrandi lagningu vegslóða, bílastæða, göngustíga og leiksvæða. Flatarmál allra mannvirkja er áætlað um 8 ha. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1 d í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að fyrirhuguð uppbygging frístundabyggðar í Hrífunesi er staðsett í náttúrulegum birkiskógi, en sérkenni skógarins felst í því hve lágvaxinn og þéttur hann er. Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif framkvæmdanna ráðist að mestu af tilhögun þeirra. Miklu skiptir að við fyrirhugaða uppbyggingu verði þess gætt að staðsetja

frístundahús þannig að sem minnstum skógi þurfi að ryðja og vegslóðar og göngustígar verði staðsettir með það í huga að forðast óþarfa rask á skóginum. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um nauðsyn þess að fylgt verði skilmálum í deiliskipulagi svæðisins um að eingöngu verði heimilt að ryðja skóg vegna mannvirkjagerðar og að ekki verði gróðursettar framandi plöntur á svæðinu. Skipulagsstofnun telur jákvætt að mýrarflákar og þéttasti hluti skógarins hafa þegar verið undanskildir byggingu frístundahúsa. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Skógræktar ríkisins um að haft verði samráð við stofnunina um það hvernig staðið verði að verki við ruðning þeirra svæða sem fara undir mannvirki. Skipulagsstofnun telur jafnframt nauðsynlegt að þess verði gætt að húsin sjálf verði ekki of áberandi í landinu til að draga úr sjónrænum áhrifum frístundabyggðarinnar, líkt og fram kemur í skilmálum í deiliskipulagi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að ruðningur á náttúrulegum birkiskógi í Hrífunesi í Skaftárhreppi sé ekki líklegur til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háður mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin í heild er háð framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Framkvæmdirnar eru jafnframt háðar leyfi skógræktarstjóra skv. 6. gr. laga um skógrækt nr. 3/1955.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 10. júní 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfissráðuneytið, Skaftárhreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Skógrækt ríkisins og Umhverfisstofnun.